

Mánudaginn 13. desbr. 1926.

Nr. 48/1926. **Tryggvi Þórhallsson** (Pjetur Magnússon)
gegn

Gardari Gíslasyni (Sjálfur).

Meiðyrða- og skaðabótamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. apríl 1926:
Hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndur, Tryggvi Þórhallsson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð eða sæti 20 daga einföldu fangelsi ef sektin er ekki greidd áður aðfararfrestur er liðinn. Svo greiði stefndur stefnanda, Gardari Gíslasyni, 25000 krónur í skaðabætur og 300 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan fimtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hin átöldu ummæli í VIII. árg. »Timans« 4., 8., 31., 39., og 40. tölubl. eru, svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, meiðandi og móðgandi í garð stefnda, og með því áfrýjandi hefir ekki rjettlætt þau, þá verður að dæma hann til refsingar fyrir þau samkvæmt 217. gr. sbr. 218. gr. og 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, en ef sektin er ekki greidd í tæka tíð, þá komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar.

Þessi ummæli ber og að dæma dauð og ómerk.

Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda, sem hefir verið nægilega mótmælt í undirrjetti, þá hefir stefndi aðallega byggt kröfuna á tapi á hrossaverslun sinni árið 1924. Hefir hann lagt fram í málinu staðfestan útdrátt úr verslunarbókum sínum, er sýna gróða hans á hrossaverslun árið 1923, um 13000 kr. en um 14000 kr. tap árið 1924; en það verður að

telja upplýst í málinu, að tap stefnda á hrossaversluninni 1924 sje aðallega af öðrum rótum runnið en hinum átöldu blaðagreinum. Að því hinsvegar athuguðu, að verslun með hross og aðrar landbúnaðar-afurðir er og var, þegar framangreind meiðyrði og móðgunaryrði birtust, einn þáttur í atvinnurekstri stefnda, og ummælin eru til þess fallin að spilla álit hans sem kaupmanns og fæla menn frá viðskiftum við hann og að stefndi enn fremur hefir undir rekstri málsins gert það sennilegt að þau hafi spilt atvinnu hans, ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda skaðabætur, er eftir málavöxtum þykir hæfilega ákveðnar 5000 kr.

Akvæði hins áfrýjanda dóms um málskostnað í hjerði samþykkjast en málskostnaður í hæstarjetti þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Tryggvi Þórhallsson greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 15 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Framantalin meiðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Áfrýjandi greiði stefnda Garðari Gíslasyni 5000 kr. í skaðabætur og 300 kr. í málskostnað í hjerði, en málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandi, Garðar stórkaupmaður Gíslason, höfðað á hendur stefndum, Tryggva ritstjóra Þórhallssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 12. jan. f. á. út af meidandi og móðgandi ummælum um sig í bladinu „Tíminn“. Eru ummælin í ýmsum nafalausum greinum eða greinum með merkjum eða dulnefnum undir, svo að ritstjóri bladsins, verður að lögum að bera byrgð á efni þeirra.

Stefnandi gerir þær kröfur, að öll hin átöldu ummæli verði dæmd dæð og ómerk og sömuleiðis hinar tilvitnuðu greinar í heild sinni að því leyti sem í þeim felast meidandi ummæli eða aðdróttanir til hans, að stefndur verði dæmdur í hina þyngstu refsingu fyrir meidyrðin, sem lög frekast leyfa, að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnanda 25000,00 kr. í skaðabætur fyrir tap og álitsspjöll, og loks að stefndur verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu. Stefnður krefst þar á móti, að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómarans.

Ummæli þau, er stefnandi átelur, eru þessi:

1. Í grein í „Tímanum“ 46. tbl. VII. árg., er út kom hjer í bænnum 22. desember 1923 með yfirskriftinni „Hrossakaup á Norðurlandi“ og undirritaði „N.“.

2. Í grein 1. tbl. VIII. árg. sama blads útkomnu 5. janúar 1924, með fyrirsögn: „Játning Garðars“, merkt ** (tvær stjörnur): „Sú staðreynd . . . Gat ekki kept við kaupfjelögin um verðið“. — „Tvær ástæður voru hugsanlegar . . . í lágu verði“.

3. Í grein í 4. tbl. VIII. árg., útkomnu 26. janúar 1924, með fyrirsögn: „Hrossakaup Garðars“ og undirritaði: „Sunnlenskur bóndi“: „Og þótt Garðar láti . . . seint og síðar meir“.

4. Í grein í 8. tbl. VIII. árg., útkomnu 23. febrúar 1924, með yfirskrift: „Hrossakaupin“ og undirritaði: „G. G.“: „að ekki ljeti Garðar sjer alt fyrir brjósti brenna . . . blátt áfram tölustafi væri að ræða“. „Verðlagið á hrossum olli mönnum tjóns í stórum stíl á sveitavísu“ og „viðskiftaófarnaði“.

5. Í grein í 31. tbl. VIII. árg., útkomnu 2. ágúst 1924, með yfirskrift: „Enn segir Garðar“ og ómerktri: „Það væri að vísu þægilegt fyrir yður (þ. e. stefnanda) . . . yðar stóra vasa“ og „benda þeim á . . . alt of lágt verð“.

6. Í grein í 39. tbl. VIII. árg., útkomnu 27. sept. 1924, fyrirsögn: „Svikaheimspeki Garðars“, ómerktri: „Hann (þ. e.

stefnandi) er sjerfræðingur rjett að svíkja alla“ og „Gardar má setja upp bros . . . hefir verið tengt við“.

7. Í grein í 40. tbl. VIII. árg., útkomnu 4. okt. 1924, með yfyrskrift: „Yfir landamærin“ merktri: „X“. „Gardar er orðinn hræddur við ljét lítið á sjer kræla“.

Fyrir ummælin í 46. tbl. VII. árg., „Tímans“ frá 22. des. 1923 og 1. tbl. VIII. árg. frá 5. jan. 1924 verður ekki dæmd refsing í þessu máli, með því að sök var að því leyti fyrnd þegar mál þetta var höfðað.

Í greinum þeim sem átalda eru í VIII. árg., „Tímans“ 4., 8. og 31. tbl. eru hrossakaup stefnanda sumarið 1923 gerð að umtalsefni, og er þar meðal annars dróttað að stefnanda bríðmælgí og óskilvísi í þeim viðskiftum, að hann muni ekki láta sjer alt fyrir brjósti brenna, og eigi líklega ekki örðugt með að skeyta skökku við í smámunum, t. d. þegar svona blátt áfram væri að ræða um tölustafi, að svo skuli ummælt að fangamark stefnanda (G. G.) forði betur hjer eftir en hingað til frá viðskiftaófarnaði, og er þar með átt við það, að menn muni framvegis ekki skifta við stefnanda, og loks, að stefnandi hafi haft af bændum umrætt sumar með því að gefa þeim óhæfilega lágt fyrir hrossin og stungið þar með óhæfilegum gróða í sinn „stóra vasa“. Í greinum „Tímans“ í VIII. árg. 39. og 40. tbl. er því þar á móti haldið fram, að stefnandi hafi haldið fram þeirri skoðun eða ónefnt blað að undirlagi stefnanda, að skuldunautar ættu ekki að greiða skuldir sínar, að stefnandi sje sjerfræðingur blaðsins um þessa tegund viðskifta, að þessi „svika-heimspéki“ stefnanda sje það eina heimspékiskerfi, er nafn hans sje tengt við og að stefnandi sje nú orðinn hræddur við svika-heimspékina og muni nú vilja „vinna til að hætta að ofsækja bændur til að sleppa við umtalið um sildarbraskið og tímenn, þegar hann lá og ljét lítið á sjer kræla“.

Ummæli þessi öll verður að telja mjög meiðandi og móðgandi í gard stefnanda, og með því að stefndur hefir ekki rjettlætt þau, þá verður að dæma hann til refsingar fyrir þau samkvæmt 217. sbr. 218. gr., almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 300 kr. til ríkissjóðs, en ef sektin er ekki greidd í tækan tíma, þá komi í stað hennar 20 daga einfalt fangelsi.

Í hinum átöldu greinum í VII. árg. „Tímans“ 46. tbl. og VIII. árg. 1. tbl. — en refsíabyrgð vegna þeirra ummæla er fyrnd samkvæmt framansögðu — segir, að stefnandi hafi ekki getað

keypt við kaupfjölögin, eða ef hann hefir getað það, þá hafi hann gefið lægra fyrir hrossin en kaupfjölögin til þess að græða sem mest sjálfur. Í málinu er ekkert upplýst um það hvaða verði stefnandi hafi keypt hross sín 1923, nje heldur hvað aðrir hafi keypt þau fyrir, og verður því að telja þessi ummæli um stefnanda, sem hefir atvinnu af viðskiftum, órjettmæt. Því þykir rjett að dæma þau, ásamt hinum öðrum átöldu ummælum, dauð og ómerk.

Ummæli þau, sem átalin eru í máli þessu, og órjettmæt eru talin, virðast vel löguð til þess að spilla álitu stefnda sem kaupmanns og fæla menn frá viðskiftum við hann, einkum þar sem þau birtust í viðlesnu blaði. Það verður því að taka til greina skaðabótakröfu stefnanda, enda hefir stefndur ekki sjerstaklega mótmælt *upphæð* skaðabótakröfunnar. Ber því að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 25000,00 í skaðabætur.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber stefndum að greiða stefnanda málskostnað og þykir hann hæfilega metinn 300 krónur.

Sakir annara embættisanna dómarans varð dómur í máli þessu ekki kveðinn upp síðastliðinn fimtudag, en fimtudaginn þar áður var skirdagur.